Fjárfestakynning 8. febrúar 2024

# Ársuppgjör 4F og 12M 2023



# Íslenska ánægjuvogin

Sjóvá er efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni, sjöunda árið í röð

Tryggð, ímynd og gæði vöru og þjónustu eru þeir þættir sem mælast hæstir

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN



SJÓVÁ

Fjárfestakynning 8. febrúar 2024

# Afkoma

Hermann Björnsson, forstjóri

# Árið 2023

## Afkoma

**4.626 m.kr.**
hagnaður eftir skatta

**1.695 m.kr.**
hagnaður af vátryggingasamningum fyrir skatta

**3.606 m.kr.**
hagnaður af fjárfestingum fyrir skatta

**IFRS 17**
nýr reikningsskilastaðall um vátryggingasamninga, tók gildi 1. janúar 2023

## Samsett hlutfall

**94,6%** á árinu 2023

**94,6%** á árinu 2022

Afar gott þegar haft er í huga að nokkur stærri tjón féllu til á árinu

## Fjárfestingar

Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu jákvæð um **9,0%**

Fjárfestingatekjur af eignum í stýringu jákvæðar sem nemur **4.707 m.kr.**

**4.500 m.kr.** afkoma fjárfestinga fyrir fjármagnsliði og skatta

## Kröftugur grunnrekstur

Tekjuvöxtur nam 11,6% á árinu og var bæði á einstaklings – og fyrirtækjamarkaði

Góður vöxtur skýrist af miklum metnaði í þjónustu, þéttriðnu útibúaneti ásamt góðum stafrænum lausnum sem efla okkar þjónustustig enn frekar

Skilvirkni í grunnrekstri heldur áfram að eflast þar sem stöðugildum er að fækka þrátt fyrir tekjuvöxt og fjölgun viðskiptavina

# 4F 2023

## Afkoma

**2.321 m.kr.**
hagnaður eftir skatta

**699 m.kr.**
hagnaður af vátryggingasamningum fyrir skatta

**1.890 m.kr.**
hagnaður af fjárfestingum fyrir skatta

## Samsett hlutfall

**91,3%** á 4F 2023

**90,9%** á 4F 2022

Samsett hlutfall endurspeglar kröftugan grunnrekstur á fjórðungnum

## Fjárfestingar

Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu jákvæð um **4,4%**

Fjárfestingatekjur af eignum í stýringu jákvæðar sem nemur **2.401 m.kr.**

**2.368 m.kr.** afkoma fjárfestinga fyrir fjármagnsliði og skatta

## Náttúruhamfarir

Tjón af völdum náttúruhamfara eru bætt af NTÍ en við fylgjumst með stöðu mála og þróun á Reykjanesi

Sjóvá endurgreiddi að fullu iðgjöld fjölskyldna og einstaklinga í Grindavík í desember

Sjóvá endurgreiðir allar bruna– og fasteignatryggingar húseigna einstaklinga í Grindavík í janúar og mun halda því áfram á meðan núverandi ástand ríkir

SJÓVÁ

Fjárfestakynning 8. febrúar 2024

# Rekstur

Sigríður Vala Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni

# Samstæðuársreikningur 2023

## IFRS 17 um vátryggingasamninga

- Framsetning á ársreikningi er með talsvert breyttu sniði auk þess sem ný hugtök og skýringar eru innleiddar og liðir endurflokkaðir
- Breytt framsetning á horfum en með innleiðingu IFRS 17 er afkoma af vátryggingasamningum, áður afkoma af vátryggingarekstri, sett fram með nýjum hætti og m.a. ekki lengur reiknaðar fjárfestingatekjur á vátryggingastarfsemina
- Arðgreiðslugeta og fjárhagslegur styrkur nær óbreyttur
- Útreikningur á gjaldþoli, gjaldþolskröfu og gjaldþolshlutfalli breytist ekki

## Flokkunarkefi um sjálfbærar fjárfestingar

- Birtar eru í fyrsta skipti upplýsingar sem félaginu ber að birta samkvæmt 8. gr. reglugerðar Evrópusambandsins (ESB) 2020/852 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu („flokkunarreglugerðin") og framseldum reglugerðum Framkvæmdastjórnar ESB við hana
  - Flokkunarreglugerðin var innleidd í íslensk lög með lögum nr. 25/2023, um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar
- Þeir þættir starfseminnar sem flokkunarkerfið nær til eru annars vegar skaðatryggingastarfsemi félagsins og hins vegar fjárfestingar félagsins sem tengjast tryggingastarfseminni

- **Ítarlegar upplýsingar um áhrif innleiðingar IFRS 17 er að finna í skýringum 5 og 6 í ársreikningi samstæðunnar**

- **Upplýsingar sem félaginu er skylt að birta samkvæmt flokkunarreglugerðinni er að finna í kafla um ófjárhagslegar upplýsingar í ársreikningi samstæðunnar**

# Helstu niðurstöður

## Afkoma starfsþátta fyrir tekjuskatt




* Undir samstæðu falla aðrar tekjur og annar rekstrarkostnaður

## Samsett hlutfall




## Hagnaður og hagnaður/hlut




## Ávöxtun fjárfestingareigna






Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrarafkoma

| | 4F 2023 | 4F 2022 | % |
|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 8.018 | 7.459 | 7,5% |
| Tjón tímabilsins | -5.579 | -4.996 | 11,7% |
| Rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum | -1.681 | -1.595 | 5,4% |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | -58 | -193 | -69,8% |
| **Afkoma af vátryggingasamningum** | **699** | **675** | **3,6%** |
| Fjárfestingatekjur | 2.449 | 1.055 | - |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi | -82 | -79 | 3,4% |
| **Afkoma fjárfestinga** | **2.368** | **976** | - |
| Fjármagnsliðir vátryggingasamninga | -478 | 13 | - |
| **Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði** | **1.890** | **989** | 91,1% |
| Aðrar tekjur og kostnaður | 12 | 3 | - |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **2.602** | **1.667** | 56,1% |
| **Hagnaður eftir skatta** | **2.321** | **1.483** | 56,5% |

*Samanburðarfjárhæðir hafa verið endurgerðar vegna upptöku IFRS 17 og IFRS 9

## Tekjur af vátryggingasamningum 4F 2022 til 4F 2023




## Kostnaður af vátrygginga- og endurtryggingasamn. 4F 2022 til 4F 2023




Fjárhæðir í milljónum króna

# Rekstrarafkoma

| | 12M 2023 | 12M 2022 | % |
|---|---|---|---|
| Tekjur af vátryggingasamningum | 31.273 | 28.011 | 11,6% |
| Tjón tímabilsins | -23.426 | -20.228 | 15,8% |
| Rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum | -6.123 | -5.772 | 6,1% |
| Afkoma af endurtryggingasamningum | -30 | -489 | -93,8% |
| **Afkoma af vátryggingasamningum** | **1.695** | **1.522** | **11,3%** |
| Fjárfestingatekjur | 4.800 | 1.674 | - |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi | -300 | -291 | 3,1% |
| **Afkoma fjárfestinga** | **4.500** | **1.384** | - |
| Fjármagnsliðir vátryggingasamninga | -894 | 143 | - |
| **Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði** | **3.606** | **1.526** | - |
| Aðrar tekjur og kostnaður | 43 | 22 | 96,5% |
| **Hagnaður fyrir skatta** | **5.344** | **3.070** | 74,1% |
| **Hagnaður eftir skatta** | **4.626** | **2.650** | 74,5% |

*Samanburðarfjárhæðir hafa verið endurgerðar vegna upptöku IFRS 17 og IFRS 9

## Tekjur af vátryggingasamningum 12M 2022 til 12M 2023




## Kostnaður af vátrygginga- og endurtryggingasamn. 12M 2022 til 12M 2023




Fjárhæðir í milljónum króna

# Samsett hlutfall

| | 4F 2023 | 4F 2022 | 12M 2023 | 12M 2022 |
|---|---|---|---|---|
| Tjónahlutfall tímabils | 74,8 % | 67,1% | 77,8% | 73,6% |
| Matsþróun eldri ára | -5,2% | -0,1% | -2,9% | -1,4% |
| **Tjónahlutfall** | **69,6%** | **67,0%** | **74,9%** | **72,2%** |
| Endurtryggingahlutfall | 0,7% | 2,6% | 0,1% | 1,7% |
| **Tjóna- og endurtryggingahlutfall** | **70,3%** | **69,6%** | **75,0%** | **74,0%** |
| Kostnaðarhlutfall | 21,0% | 21,4% | 19,6% | 20,6% |
| **Samsett hlutfall** | **91,3%** | **90,9%** | **94,6%** | **94,6%** |

- **Undirliggjandi tjónaþróun** í takt við áætlanir en stórtjón lita bæði afkomu á árinu 2023 og 2022 en nokkur stærri tjón sem eru innan eigin áhættu félagsins ásamt neikvæðri þróun í frjálsum ökutækjatryggingum útskýra hækkun tjónshlutfalls á milli ára. Töluverð jákvæð matsþróun vegna eldri ára dempar tjónakostnað á árinu 2023.
- **Endurtryggingahlutfall** tekur mið af þátttöku endurtryggjenda í tjónum
- **Kostnaðarhlutfall** lækkar með vexti tekna af vátryggingasamningum og aukinni skilvirkni grunnrekstrar

## Samsett hlutfall 12M 2022 til 12M 2023




## Samsett hlutfall




* Samsett hlutfall á árinu 2021 er sett fram skv. IFRS 4

# Gjaldþol og gjaldþolskrafa

### Gjaldþol




### Gjaldþolskrafa




## Gjaldþolshlutfall 1,40 í lok 4F 2023

- **Gjaldþolshlutfall** fyrir fyrirhugaða arðgreiðslu **1,56** en **1,40** að teknu tilliti til fyrirhugaðrar arðgreiðslu
- **Gjaldþol** breytist í takt við afkomu, kaup eigin bréfa og fyrirhugaða arðgreiðslu
- **Gjaldþolskrafa** hækkar umtalsvert, bæði vegna aukinnar vátryggingaáhættu í takt við stækkandi vátryggingastofn og vegna aukinnar markaðsáhættu í takt við stærra safn skráðra hlutabréfa og þróun á samhverfum aðlögunarstuðli
- **Gjaldþolsviðmið** stjórnar eru að gjaldþolshlutfall sé á bilinu 1,4-1,7

### Gjaldþolshlutfall




* Samkvæmt Solvency II regluverkinu er iðgjaldaskuld reiknuð með sama hætti og skv. IFRS 4 og breytist ekki með innleiðingu IFRS 17

Fjárhæðir í milljónum króna

# Efnahagsreikningur

| Eignir | 31.12.2023 | 31.12.2022* |
|---|---|---|
| Handbært fé | 3.600 | 1.189 |
| Verðbréf | 54.267 | 51.254 |
| Fjárfestingar með fjárf.áhættu líftr.taka | 5.564 | 5.218 |
| Endurtryggingaeignir | 1.816 | 1.038 |
| Aðrar kröfur | 2.024 | 906 |
| Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir | 244 | 244 |
| Leigueignir | 1.259 | 1.284 |
| Rekstrarfjármunir | 531 | 523 |
| Skatteign | 0 | 27 |
| **Eignir samtals** | **69.305** | **61.683** |
| | | |
| **Eigið fé** | | |
| Hlutafé | 1.157 | 1.178 |
| Annað eigið fé | 22.165 | 20.154 |
| **Eigið fé samtals** | **23.321** | **21.332** |
| | | |
| **Skuldir** | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 2.294 | 1.732 |
| Skuldbinding vegna vátryggingasamninga | 36.749 | 32.059 |
| Líftryggingaskuld með fjárf.áhættu líftr.taka | 5.564 | 5.218 |
| Leiguskuldir | 1.341 | 1.342 |
| Skattskuldbinding | 36 | 0 |
| **Skuldir samtals** | **45.984** | **40.351** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | **69.305** | **61.683** |

*Samanburðarfjárhæðir hafa verið endurgerðar vegna upptöku IFRS 17 og IFRS 9

## Skuldbinding vegna vátryggingasamninga




## Eiginfjárhlutfall






Fjárhæðir í milljónum króna

Fjárfestakynning 8. febrúar 2024

# Fjárfestingar

Þórður Pálsson, forstöðumaður fjárfestinga

# Afkoma af fjárfestingarstarfsemi - 4F 2023

| Fjárfestingareignir | 30.09.2023 | Hreyfingar | Afkoma | 31.12.2023 | Ávöxtun |
|---|---|---|---|---|---|
| Laust fé** | 2.742 | 696 | 14 | 3.452 | 0,5% |
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 17.895 | -1.546 | 477 | 16.827 | 2,7% |
| Önnur skuldabréf | 17.887 | -729 | 436 | 17.595 | 2,5% |
| Skráð hlutabréf | 12.041 | 2.341 | 1.361 | 15.743 | 10,4% |
| Óskráð hlutabréf | 3.202 | -96 | 112 | 3.218 | 3,6% |
| **Samtals** | **53.768** | **666** | **2.401** | **56.834** | **4,4%** |
| | | | | | |
| Aðrar fjárfestingatekjur og gengismunur | | | 48 | | |
| **Fjárfestingatekjur samtals** | | | **2.449** | | |

### Afkoma og ávöxtun af fjárfestingarstarfsemi




## Ávöxtun af fjárfestingareignum í stýringu 4,4% á fjórðungnum

- Afkoma á fjórðungnum umfram væntingar en í takt við þróun markaða
- Góð niðurstaða skýrist að mestu vegna mjög góðrar afkomu af skráðum hlutabréfum
- Eignasafnið 56,8 milljarðar kr. í lok fjórða fjórðungs

| Vísitala | Ávöxtun 4F |
|---|---|
| Markaðsvísitala Kviku | 7,9% |
| Hlutabréfavísitala Kviku | 10,7% |
| Ríkisskuldabréfavísitala Kviku | 3,9% |
| Skuldabréfavísitala Kviku | 3,7% |
| Úrvalsvísitala | 9,7% |



** Eignir á þessu yfirliti eru flokkaðar skv. eigin flokkun en ekki eins og í ársreikningi. Utan yfirlitsins er hlutdeild Sjóvá líf í eignum með eigin áhættu líftryggingataka og bankareikningar sem notaðir eru í daglegum rekstri.*

*** Laust fé þann 31.12.2023 samanstendur af lausu fé í ISK (948 m. kr.) og USD (2.504 m. kr.). Gengismunur vegna lauss fjár í USD kemur fram í afkomu af lausu fé.*

Fjárhæðir í milljónum króna

# Breytingar á eignasafninu á 4F 2023

## Stærstu breytingar innan eignasafns




## Þróun á eignaflokkum




** Eignir á þessu yfirliti eru flokkaðar skv. eigin flokkun en ekki eins og í ársreikningi. Utan yfirlitsins er hlutdeild Sjóvá líf í eignum með eigin áhættu líftryggingataka og bankareikningar sem notaðir eru í daglegum rekstri.*

## Umtalsverðar breytingar í eignasafninu

- Meðallíftími skuldabréfasafnsins hækkar úr 1,86 í 2,21 á fjórðungnum. Verðtryggingarhlutfallið hækkar einnig lítillega.
- Staða í skráðum hlutabréfum aukin verulega, hrein kaup á fjórðungnum voru 2.341 m. kr. og afkoma 1.361 m. kr.

## Meðallíftími og verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns






Fjárhæðir í milljónum króna

# Afkoma af fjárfestingarstarfsemi - 12M 2023

| Fjárfestingareignir | 31.12.2022 | Hreyfingar | Afkoma | 31.12.2023 | Ávöxtun |
|---|---|---|---|---|---|
| Laust fé** | 602 | 2.673 | 177 | 3.452 | 9,8% |
| Skuldabréf með ríkisábyrgð | 16.049 | -347 | 1.124 | 16.827 | 6,7% |
| Önnur skuldabréf | 15.952 | 404 | 1.239 | 17.595 | 7,5% |
| Skráð hlutabréf | 14.943 | -101 | 901 | 15.743 | 6,9% |
| Óskráð hlutabréf | 3.871 | -1.919 | 1.266 | 3.218 | 36,7% |
| **Samtals** | **51.418** | **710** | **4.707** | **56.834** | **9,0%** |
| | | | | | |
| Aðrar fjárfestingatekjur og gengismunur | | | 93 | | |
| **Fjárfestingatekjur samtals** | | | **4.800** | | |

## Stærstu óskráðu eignir

| Fjárfestingareignir | 31.12.2022 | Hreyfingar | Afkoma | 31.12.2023 | Gengi |
|---|---|---|---|---|---|
| Controlant | 967 | 0 | -92 | 875 | 105,00 |
| Loðnuvinnslan | 408 | -5 | 5 | 408 | 16,00 |
| Origo | 0 | 391 | -0 | 391 | 87,00 |
| Hvatning | 346 | 0 | 23 | 369 | 1,50 |
| Carbon Recycling International | 0 | 275 | -3 | 272 | 23,86 USD |
| SÍA III | 317 | -148 | 59 | 229 | 208,13 |
| 105 Miðborg | 170 | 0 | 0 | 170 | 0,48 |
| Aðrar eignir | 1.834 | -2.433 | 1.274 | 675 | |
| **Samtals** | **3.871** | **-1.919** | **1.266** | **3.218** | |

## Ávöxtun af fjárfestingareignum í stýringu 9,0% á árinu

- Afkoma á árinu góð í ljósi þróunar eignamarkaða og umfram viðmiðunarvísitölur
- Óskráð hlutabréf skila bestu ávöxtuninni á árinu en afkoman er vel dreifð á milli eignaflokka

| Vísitala | Ávöxtun 12M |
|---|---|
| Markaðsvísitala Kviku | 2,3% |
| Hlutabréfavísitala Kviku | -0,1% |
| Ríkisskuldabréfavísitala Kviku | 4,5% |
| Skuldabréfavísitala Kviku | 5,0% |
| Úrvalsvísitala (arðsleiðrétt) | 1,2% |



** Eignir á þessu yfirliti eru flokkaðar skv. eigin flokkun en ekki eins og í ársreikningi. Utan yfirlitsins er hlutdeild Sjóvá líf í eignum með eigin áhættu líftryggingataka og bankareikningar sem notaðir eru í daglegum rekstri.*
*** Laust fé þann 31.12.2023 samanstendur af lausu fé í ISK (948 m. kr.) og USD (2.504 m. kr.). Gengismunur vegna lauss fjár í USD kemur fram í afkomu af lausu fé.*

Fjárhæðir í milljónum króna

# Fjárfestingareignir samstæðu yfir 500 m.kr.

| Eignir | 31.12.2023 | 30.09.2023 | Hreyfingar | Afkoma | Hlutfall safns |
|---|---|---|---|---|---|
| RIKS 26 | 6.270 | 6.391 | -271 | 150 | 11,0% |
| Reiðufé* | 3.452 | 2.742 | 696 | 14 | 6,1% |
| Ríkisvíxlar | 2.536 | 4.565 | -2.107 | 77 | 4,5% |
| ARION BANKI | 2.420 | 2.351 | -171 | 240 | 4,3% |
| RIKB 25 | 1.719 | 1.948 | -298 | 68 | 3,0% |
| ALVOTECH | 1.685 | 1.291 | 85 | 309 | 3,0% |
| RIKB 26 | 1.580 | 404 | 1.119 | 57 | 2,8% |
| EIMSKIP | 1.579 | 1.633 | -34 | -20 | 2,8% |
| LBANK CBI 24 | 1.499 | 1.512 | -45 | 32 | 2,6% |
| RIKB 24 | 1.455 | 2.971 | -1.575 | 59 | 2,6% |
| ÖLGERÐIN | 1.315 | 1.072 | -8 | 250 | 2,3% |
| BRIM | 1.210 | 1.042 | 23 | 145 | 2,1% |
| ISB CBF 27 | 1.207 | 1.207 | -30 | 30 | 2,1% |
| SÍLDARVINNSLAN | 1.106 | 1.350 | -196 | -48 | 1,9% |
| MAREL | 997 | 8 | 821 | 168 | 1,8% |
| ISB CBI 28 | 957 | 934 | - | 23 | 1,7% |
| RIKB 28 | 922 | 369 | 520 | 34 | 1,6% |
| Kvika Veðskuldabréf | 911 | 889 | - | 21 | 1,6% |
| CONTROLANT | 875 | 783 | - | 92 | 1,5% |
| ÍSFÉLAG | 816 | - | 809 | 6 | 1,4% |
| AMAROQ MINERALS | 787 | 685 | -37 | 139 | 1,4% |
| UR 151124 | 675 | 692 | -19 | 1 | 1,2% |
| LSS 34 | 671 | 596 | 57 | 18 | 1,2% |
| ISB GBF 27 | 660 | 702 | -61 | 19 | 1,2% |
| Stefnir Ríkisverðbréfasjóður | 598 | 586 | - | 12 | 1,1% |
| LBANK CB 27 | 592 | 566 | - | 26 | 1,0% |
| ISB 28 1221 | 581 | - | 580 | 1 | 1,0% |
| RIKB 31 | 572 | - | 565 | 7 | 1,0% |
| AL 101227 | 554 | 573 | -30 | 11 | 1,0% |



Fjárhæðir í milljónum króna

** Reiðufé þann 31.12.2023 samanstendur af reiðufé í ISK (948 m. kr.) og USD (2.504 m. kr.). Gengismunur kemur fram í afkomu af reiðufé.*

# Fjárfestingareignir samstæðu yfir 500 m.kr. - framhald

| Eignir | 31.12.2023 | 30.09.2023 | Hreyfingar | Afkoma | Hlutfall safns |
|---|---|---|---|---|---|
| ICESEA | 529 | 470 | 60 | -1 | 0,9% |
| ARION CBI 26 | 524 | 517 | -5 | 12 | 0,9% |
| HFF 24 | 519 | 508 | - | 12 | 0,9% |
| SÍMINN | 513 | 462 | 17 | 34 | 0,9% |
| **AÐRAR EIGNIR** | **14.549** | **13.947** | **200** | **401** | **25,6%** |
| **SAMTALS** | **56.834** | **53.768** | **666** | **2.401** | **100%** |



Fjárhæðir í milljónum króna

Fjárfestakynning 8. febrúar 2024

# Samantekt

Hermann Björnsson, forstjóri

# Samsetning afkomu fyrir skatta




* Samanburðarfjárhæðir frá árinu 2022 hafa verið endurgerðar vegna upptöku IFRS 17 og IFRS 9

# Samsett hlutfall

## 12M 2023 og 12M 2022 eftir vátryggingagreinum



# Umferð um hringveginn

## Mesta umferð á einu ári síðan mælingar hófust - umferðin jókst um 8% frá fyrra ári

Samanlögð umferð um 16 talningarsvæði um allt land*




* heimild: Vegagerðin (www.vegagerdin.is)

# Þjónustufyrirtæki í fremstu röð

## Afkoma 12M

**4.626 m.kr.**
afkoma eftir skatta

**1.695 m.kr.**
hagnaður af vátryggingasamningum fyrir skatta

**3.606 m.kr.**
hagnaður af fjárfestingum fyrir skatta

**94,6%**
samsett hlutfall

## Arður

Stjórn leggur til arð sem nemur um **2.450 m.kr.** (2,12 kr. á hlut)

Gjaldþolshlutfall **1,40** eftir fyrirhugaða arðgreiðslu

Óskað hefur verið eftir viðeigandi heimild frá Fjármálaeftirlitinu til þess að hefja endurkaup

## Horfur

Horfur fyrir árið 2024 gera ráð fyrir að afkoma af vátryggingasamningum fyrir skatta verði **1.100-1.600 m.kr.** og samsett hlutfall um **95-97%**

Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi félagsins en áætlanir gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu verði 9% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu

Þá má ætla að áhrif áfallinna vaxta (vöxtun) vátryggingaskuldar verði neikvæð um 1.600-1.800 m.kr. miðað við óbreytt vaxtastig og stærð vátryggingaskuldarinnar

## Árið 2024

Eftir sem áður leggjum við áherslu á arðbæran og skynsaman vátryggingarekstur

Stafrænar lausnir, vöruþróun og persónuleg þjónusta við viðskiptavini, á þeirra forsendum, mun skipta sköpum

Áhersla á að sporna gegn auknum tjónakostnaði og auka ánægju viðskiptavina, með því að mæta þörfum og vera til staðar á þeirra forsendum

# 20%

Fasteignaskoðana framkvæmdar með Innsýn og sparaði akstur um 42.000 km

# Snjalltrygging

Ný tryggingavara fyrir ungt fólk kynnt á árinu

# 78%

Viðskiptavina nýttu rafræna tjónaskráningu árið 2023

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023

Efst fjármálafyrirtækja í Íslensku ánægjuvoginni sjöunda árið í röð

Starfsánægja og árangur í Ánægjuvoginni helst í hendur






Sjóvá er fyrsta val á íslenskum tryggingamarkaði*

## Fjöldi útibúa – sameinað Sjóvá

Bættar samskiptaleiðir, m.a. með nýrri tækninálgun, bæta þjónustu um allt land

## Áhættuskoðanir fyrirtækja

85 fyrirtæki áhættuskoðuð sérstaklega

## Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum

Stjórnvísi, Viðskiptaráð, SA og Nasdaq Iceland veita viðurkenningarnar

# Spurningar

fjarfestar@sjova.is

Fjárfestakynning 8. febrúar 2024

# Viðaukar

# Dreifing hlutafjáreignar

## 1.131 hluthafar 8. febrúar 2024

### Hlutafjáreign




### Samanlögð hlutafjáreign



# Samsett hlutfall

## 4F 2023 og 4F 2022 eftir vátryggingagreinum



# Fyrirvarar

- Upplýsingarnar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sjóvá telur áreiðanlegar á hverjum tíma en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular. Allar upplýsingar í kynningu þessari eru eign Sjóvár. Upplýsingarnar sem í henni eru eða kynninguna alla er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að hluta til né öllu leyti.
- Kynning þessi eru eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar. Henni er ekki að neinu leyti ætlað að fela í sér loforð eða ráðgjöf né heldur með neinu móti að vera grundvöllur fyrir ákvarðanatöku þeirra sem fá hana í hendur. Margir mismunandi þættir geta valdið því að sú mynd sem kynning þessi gefur af stöðu félagsins og framtíðarhorfum getur breyst verulega svo sem, en ekki eingöngu, vegna almennrar efnahagsþróunar, tjónaþróunar, breytinga í samkeppinsumhverfi, breytinga á endurtryggingamörkuðum, breytinga á fjármálamörkuðum, lagabreytinga og breytinga á réttarframkvæmd. Verði einhver þessara áhættu- eða óvissuþátta, einn eða fleiri, að veruleika eða undirliggjandi framtíðarvæntingar stjórnenda reynast ekki réttar, getur það leitt til verulegra frávika varðandi fjárhagsstöðu félagsins og árangur í starfsemi þess frá því sem greinir í kynningu þessari.
- Sjóvá áréttar að staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á þeim tímapunkti sem kynningin er gefin út og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum. Sjóvá ber ekki skylda til að uppfæra að neinu leyti álit stjórnenda um framtíðarhorfur félagsins, sem fram kunna að koma í kynningu þessari, né gefa út leiðréttingar á villum eða ónákvæmum upplýsingum, sem síðar kunna að koma í ljós nema það sé skylt lögum samkvæmt.
- Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.